

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 105/2020.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, töluliður 8, svohljóðandi:

8. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/410 frá 19. desember 2022 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Lýðveldinu Kongó, Gíbraltar, Mósambík, Tansaníu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum í töflu 1 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675 og fella Níkaragva, Pakistan og Zímbabwe brott úr þeirri töflu. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 11. maí 2023, bls. 631.

#### 2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal við reglugerð þessa þannig breyttur.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 24. maí 2023.*

**Jón Gunnarsson.**

*Haukur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal.**

**Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,  
sbr. framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675  
með síðari breytingum.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Barbados
3	Búrkína Fasó
4	Kambódía
5	Cayman-eyjar
6	Lýðveldið Kongó
7	Gíbraltar
8	Haítí
9	Jamaíka
10	Jórdanía
11	Malí
12	Marokkó
13	Mósambík
14	Myanmar (Mjanmar)/Búrma
15	Panama
16	Filippseyjar
17	Senegal
18	Suður-Súdan
19	Sýrland
20	Tansanía
21	Trínidad og Tóbagó
22	Úganda
23	Sameinuðu arabísku furstadæmin
24	Vanúatú
25	Jemen

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniadstoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

- III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea

B-deild – Útgáfudagur: 9. júní 2023